

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Eyjafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Hreppar Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Ólafsfjörður og Siglufjörður eru eitt fjallskilaumdæmi.

Hver hreppur og kaupstaður innan fjallskilaumdæmisins, er sérstök fjallskiladeild. Sýslunefnd getur heimilað sameiningu tveggja eða fleiri fjallskiladeilda óski viðkomandi sveitarstjórnir eftir sameiningu að undangengnu fundarsamþykki meiri hluta fjallskilaskyldra aðila í hverri eða hvorri fjallskiladeild enda hafi verið boðað til fundarins með dagskrá.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í fjallskilaumdæminu, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild.

3. gr.

Að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal sveitarstjórn kjósa mann til þess að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála fjallskiladeildarinnar undir yfirstjórn sveitarstjórnar og nefnist hann fjallskilastjóri.

Þar sem fjallskiladeildir hafa verið sameinaðar, skulu sveitarstjórnirnar kjósa fjallskilastjórnann sameiginlega. Fáí tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fjallskilastjóri skal sjálfur við aðalrétt í hvert skipti, sem þar er réttað, stjórna sundurdrætti og ráða þar réttarrúmi öllu. Sé hann forfallaður, skal hann tilnefna mann í sinn stað.

Heimilt er sveitarstjórn að fela fjallskilastjóra bókhald allt fjallskilanna vegna og innheimtu á fjallskilagjöldum.

Fjallskilastjóra ber þóknun fyrir störf sín úr hrepps- eða bæjarsjóði.

II. KAFLI

Um bókhald og fjallskilasjóði.

4. gr.

Í hverri fjallskiladeild ber að halda fjallskilabók staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í hana skal rita allt það sem máli skiptir um afréttar- og fjallskilamál í deildinni. Þar skal vera skrá yfir allar afréttir innan deildarinnar, lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hverja afrétt svo og hverjir séu afréttareigendur. Þá ber að skrá allar breytingar á afréttum og réttindum yfir þeim.

Eftirrit af skrá þessari ber að senda til oddvita sýslunefndar. Skal hún þar færð í sérstaka bók, sem afréttarskrá heitir og fylgir skjölum sýslunnar. Auk þessa getur sýslunefnd krafist eftirrits af fjallskilabókum að öðru leyti, eftir því sem hún telur þörf á.

5. gr.

Hver fjallskiladeild færir sérstakt bókhald og skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

Til þess að standast straum af þeim kostnaði, er af fjallskilum leiðir, getur sveitarstjórn stofnað sjóð, sem fjallskilasjóður nefnist. Úr honum skal greiða kostnað við byggingu og viðhald aðalréttta. Um aukaréttir fer eftir ákvörðun sveitarstjórna. Kostnað við smölun og leitir, sem sveitarsjóði annars ber að greiða, þóknun til fjallskilastjóra, svo og öll gjöld önnur, sem af fjallskilum leiða og ekki hefur verið jafnað niður á fjáreigendur sem dagsverkum, skal greiða úr fjallskilasjóði.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Niðurfafnað gjald á allt sauðfé og stóðhross í hreppnum.
- b. Andvirði óskilafjár.
- c. Björgunar- og fundarlaun fyrir fé og hross, sem bjargað er úr ógöngum, eða finnast í aukaeftirleitum samkv. 24. gr. fjallskilasamþykktar og 54. gr. laga um fjallskil.
- d. Bætur fyrir gangnarof samkv. 41. gr. fjallskilalaga.
- e. Tillag úr sveitarsjóði eftir fyrir mælum sveitarstjórnar og 39. gr. laga um fjallskil.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður árlega ásamt sveitarsjóðsreikningum og færður inn í fjallskilabók.

III. KAFLI

Um afréttir og notkun þeirra.

6. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afréttir og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur og fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum um fjallskil og samþykkt þessari.

7. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að gangast fyrir því, hverri í sinni fjallskiladeild, að gerð sé sveitarsamþykkt um, að nota megi heimalönd til upprekstrar enda sé það vilji eigenda. Skal í fjallskilabók skýrt tekið fram, hvar og hver þau lönd séu, og tala fjár þess er á þau má reka. Enginn má nota, né leyfa öðrum, ógirt heimaland sitt til upprekstrar nema það sé heimilað með gildandi sveitarsamþykkt. Þar sem heimalönd hafa verið, eða verða gerð að upprekstrarlandi, og samgirðing aðskilur tún, engi og bithaga frá upprekstrarlandinu, er ábúendum skylt að hafa girðingar fjárheldar, hverjum á sínu landi. Sé það vanrækt fer eftir ákvæðum girðingalaga.

Liggi heimalönd fjallskiladeilda saman, og hagkvæmt þyki að nota þau til upprekstrar í sameiningu, geta hlutaðeigandi sveitarstjórnir gert samþykkt um notkun þeirra á sama hátt og ef ein fjallskiladeild ætti í hlut. Upprekstrarheimalönd ber að skoða sem afréttir, að því er snertir löggöngur að hausti, aðrar en eftirleitir. Samþykktir um upprekstrarheimalönd öðlast því aðeins gildi, að sýslunefnd samþykki þær.

8. gr.

Hve margt afréttarpenings má reka á hverja afrétt fer eftir lögum um fjallskil nr. 42 1969 III. kafla.

9. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði.

Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun sveitarstjórnar, krafist mats dómskvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um afréttargjald, hvort heldur ákveðin er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

IV. KAFLI

Um vorsmölun og rekstur til afrétta.

10. gr.

Sveitarstjórn ákveður, hvenær á afrétt skal reka.

11. gr.

Vorsmölun skal gerð á tímabilinu frá 20. júní til 15. júlí ár hvert, eftir nánari fyrirætlunum sveitarstjórna. Ber þá öllum bændum, fjáreigendum og öðrum, sem sauðfé hafa í umsjá, hafi þeir ekki undanþágu fengið, skylda til að taka þátt í smöluninni. Ber þá bónda hverjum að smala land sitt allt bæði heimaland og afrétt. En þeir fjáreigendur, sem landlausir eru, leggja til í smölun eftir mati sveitarstjórnar. Þeim afréttareigendum eða umráðamönnum, sem búa í svo mikilli fjarlægð þaðan, að telja má víst að fé þeirra sé ekki runnið þangað fyrir vorsmölun, má sveitarstjórn veita undanþágu frá annarri smölun þar en löggöngum að hausti. Telji sveitarstjórn líkur á, að fé hafi runnið á afréttir þessar, áður en vorsmölun er gerð, ber henni að hlutast til um að þær séu smalaðar á kostnað sveitarsjóðs, en taka má þá gjald af eigendum þess fjár er þar finnst, þó ekki meira en krónur 30.00 fyrir hverja kind aðra en unglamb, og aldrei hærri upphæð en nemur smölunarkostnaði. Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá smölun ákveðinna sérstakra landsvæða.

12. gr.

Að vorsmölun lokinni skal reka allt sauðfé á afrétt eða upprekstrarheimaland. Heimilt er þó að hafa fé í eyjum og sauðheldum girðingum yfir sumarið. Geti fjáreigandi ekki fengið upprekstrarleyfi, ber honum að leita aðstoðar sveitarstjórnar. Fáist leyfið eigi að heldur, er honum vítalaut að sleppa fé sínu heima.

13. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands skal tilkynna viðkomandi sveitarstjórn fyrir lok júlímánaðar ár hvert, hverjir noti það og fyrir hve margt fé og hross. Innansveitarmenn skulu sitja fyrir utansveitarmönnum um upprekstur og sýslubúar fyrir utansýslubúum. Aldrei má leyfa upprekstur á utansveitarfé, hrossum eða geldneytum í upprekstrarheimalandi.

V. KAFLI

Um fjallskil að hausti.

14. gr.

Haustgöngur skulu gerðar laugardaginn í 22. viku sumars ár hvert eftir nánari fyrirætlunum sveitarstjórnar nema í Öngulstaðahreppi, þar skulu göngur vera á sama tíma og göngur í aðliggjandi hreppum Suður-Þingeyjarsýslu. Við ákvörðun gangna skal þess ávallt gætt, að þær séu gerðar samtímis á samliggjandi svæðum.

Ganga skal afréttir og upprekstrarheimalönd að minnsta kosti tvisvar á hausti hverju. Gangnadögum má breyta — ef nauðsyn ber til — fyrir eitt haust í senn með samþykki sýslunefndar, enda sé þess gætt, að breytingin nái til þeirra leitarsvæða, er saman liggja, sbr. 45. gr. fjallskilalaga. Tilkynna ber sveitarstjórnnum hreppa þeirra, sem kindavon eiga í réttum hreppsins, hvenær gengið verður.

Að göngum loknum ber að gera eftirleit á afréttum eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Þá skal og smala heimalönd öll. Meta má smölun heimalanda sem fjallskil að einhverju leyti. Skal þá víðátta landsins höfð til hliðsjónar.

15. gr.

Eigi síðar en hálfum mánuði fyrir göngur, skal sveitarstjórn raða gangnadagsverkum og öðrum áætluðum fjallskilakostnaði niður á fjáreigendur í fjallskiladeildinni og aðra þá er nota þar upprekstrarland á því ári. Raða skal dagsverkunum niður eftir fjártölu. Leggja skal jafnmargar kindur í dagsverk hjá öllum fjáreigendum, hvort sem þeir eiga margt eða fátt. Sé um eyðijarðir að ræða, eða jarðir, þar sem ekki er sauðfjárhald, skal heimilt að leggja fjallskil á eigendur eftir landsverði jarða. Þá skal og tilnefna réttarstjóra við aukaréttir, úrtíningsmenn í réttir innan hrepps og utan og gangnaforingja fyrir gangnasvæði fjallskiladeildarinnar. Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi nema hann sé ófær til þess sakir elli eða heilsuleysis.

16. gr.

Noti fjáreigandi upprekstur á utansveitarfrétt eða innan fjallskilaumdæmisins, ber honum að gera þar fjallskil eftir þeim fjárfjölda, er hann hefur í afréttina rekið og samkvæmt þeim reglum er þar gilda. Þó hefur sveitarstjórn þess hrepps, sem hann býr í, rétt til að leggja á hann dagsverk í heimasveitinni, en þó aðeins það, sem á kann að vanta, og hann hafi blutfallslega jafna fjallskilaskyldu og sveitungar hans aðrir. Noti fjáreigandi afrétt utan fjallskilaumdæmis síns og geri þar fjallskil, má leggja á hann fjallskiladagsverk í heimasveitinni eftir sömu reglu.

17. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að gera þau fjallskil, sem sveitarstjórn leggur á hann og eru í samræmi við fjallskil þau, sem öðrum sveitarbúum er gert að leysa af hendi. Bágstöddum einyrkjum má veita undanþágu frá fjallskilum, að einhverju eða öllu leyti, einnig þeim, sem hafa fé sitt í eyjum eða sauðheldum girðingum sum- arlangt samkv. 12. gr.

18. gr.

Sveitarstjórnir skipa fjallskiladeildum í gangnasvæði og ákveða hvernig göngum skuli bagað, og hvað gangnamenn séu margir í hverjum göngum. Skal skrá það í fjallskilabók.

19. gr.

Gangnaforingjar skulu vera sjálfir í göngum, nema gild forföll hindri, ber þeim þá að setja fullgilda menn í staðinn. Gangnaforingi sker úr um það, hverjir séu fullgildir gangnamenn. Óhlýðnist gangnamaður gangnaforingja eða sýni hirðuleysi, telst það, sem gangnarof, og varðar sömu viðurlögum og vanræksla á að inna af hendi fjallskil. Gangnaforingjum ber skylda til, að tilkynna fjallskilastjóra um gangnarof. Sá, sem mælir ekki í göngum, á þeim stað og tíma, þar sem hann hefur verið skipaður og tilkynnir gangnaforingja ekki forföll, svo unnt sé að fá mann í hans stað, skal greiða fyrir gangnarof sem svarar einu og hálfu gangnadagsverki eins og það er metið á hverjum tíma, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um að fjallsöfn séu rekin tafarlaust til rétta. Telst það gangnarof ef gangnamaður yfirgefur safnið fyrr en í rétt er rekið, þó að smölun sé lokið. Leyfa má sveitarstjórn að fjallsöfn séu rekin í heimaréttir til sundurdráttar í seinni göngum, ef gangnaforingi ábyrgist úrtíning til skilaréttar.

21. gr.

Ef grunur leikur á, að fé sé enn á afréttum eftir að eftirleit hefur verið gerð, skal fjallskilastjóri sjá um, að eftir því sé leitað svo fljótt sem kostur er. Skulu eigendur þess fjár, er þá kann að finnast, greiða smölunarlaun, sem nemi hálfum smölunarkostnaði, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur hálfu verði fjárins eftir mati hreppsnefndar þess hrepps, er land það liggur í, þar sem féð fannst. Það, sem þá kann að vanta á, að smölunarkostnaður sé greiddur að fullu, greiðist úr fjallskilaskjóði eða sveitarsjóði þess hrepps, sem eigandi fjársins á heima í.

22. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumar-göngulöndum, og skal þá sýslunefnd hlutast til um, að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti. Fé, sem finnst í öræfaleitum, má sveitarstjórn láta lóga.

23. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um, að eftir réttir á haustum, séu öll heimalönd rækilega smöluð samtímis svo oft sem þurfa þykir, og að afbæjarfé komist til réttra eigenda. Skyldur er hver bóndi að hirða kindur, sem finnst í heimalandi hans, eftir að fjallskilum er lokið. Sé það innansveitarfé, ber honum að tilkynna eigendum það. Annars skal tilkynna sveitarstjórn. Kostnað við tilkynningu og geymslu fjárins ber eigendum þess að greiða.

24. gr.

Nú verður fjár vart í ógöngum og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns eða aðstæður það örðugar, að tvöfall verð fjárins hökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálf tveggjum hundruðum hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kind eða kindur hins vegar ekki lifandi, skal sýslusjóður bera kostnað vegna tilraunarinnar, enda samþykki sýslumaður reikninga.

VI. KAFLI

Um réttir og réttahald.

25. gr.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að til séu á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið.

Réttir í fjallskiladeildum skulu vera:

Í Öngulsstaðahreppi: Aðalrétt: Þverárrétt. Aukarétt: Munkaþverárrétt.

Í Saurbæjarhreppi: Aðalrétt: Borgarrétt. Aukaréttir: Möðruvallarétt, Sundarétt, Vatnsendarétt, Jórunnarstaðarétt, Ystagerðisrétt.

Í Hrafnagilshreppi: Aðalrétt: Reykárarétt. Aukarétt: Hraungerðisrétt.

Í Glæsibæjarhreppi: Aðalrétt: Þórustaðarétt. Aukaréttir: Skógum, Bægisá.

Í Öxnadalshreppi: Aðalrétt: Þverárrétt. Aukarétt: Gloppurétt.

Í Skriðuhreppi: Aðalrétt: Melarétt. Aukaréttir: Þorvaldsdalsrétt, Saurbæjarrétt.

Í Arnarneshreppi: Aðalrétt: Reistarárrétt.

Í Árskógshreppi: Aðalrétt: Árskógsrétt.

Í Svarfaðardalshreppi: Aðalrétt: Tungurétt. Aukaréttir: Grundarrétt, Skeiðsrétt.

Á Akureyri: Aðalrétt: Miðhúsarétt. Aukarétt: Glerárrétt.

Á Dalvík: Aðalrétt: Dalvíkurrétt.

Á Ólafsfirði: Aðalrétt: Reykjarétt.

Á Siglufirði: Aðalrétt: Siglufjarðarrétt. Aukaréttir: Héðinsfjarðarrétt, Siglu-
nesrétt, Úlfisdalarétt.

Tilfærsla á rétt, bygging nýrrar, svo og niðurfelling réttar skal skráð í fjall-
skilabók.

26. gr.

Hver aukarétt heyrir undir aðalrétt sömu fjallskiladeildar. Réttað skal jafnan í aukarétt degi fyrr en sundurdráttur er að aðalrétt. Úrtíningafé úr aukaréttum skal rekið eða flutt til aðalréttar af mönnum, sem sveitarstjórn hefur til þess kvatt. Þar skulu þeir starfa að sundurdrætti, og síðan reka eða flytja féð, sem upp hefur verið dregið, til aukaréttar, þar sem eigendur fjárins húa næst. Enginn má reka fé frá aðal-
rétt fyrr en úrtíningur hefur verið að fullu sundur dreginn, nema fjallskilastjóri leyfi.

27. gr.

Sundurdráttur að aðalrétt skal hafinn svo snemma dags, sem unnt er. Draga skal eftir markaskrá, eftir því, sem þörf krefur. Hreppstjóri tilnefnir 2 menn í markadóm. Markadómur sker úr um vafamörk. Verði markadómsmenn ósammála sker hreppstjóri úr. Úrskurði markadóms verður ekki hrundið. Með ómerkinga og annan óskilapening skal farið samkvæmt VIII. kafla fjallaskilalaga.

VII. KAFLI

Um markaskrá.

28. gr.

Markaskrá skal vera í þremur köflum. **1. kafli:** Eyrnamörk í töluröð eftir stafrófi. Brennimörk eyrnamarkseiganda sé prentað aftan við eyrnamarkið, þó eigi nema við eitt eyrnamark, eigi markeigandi fleiri mörk. Þar afturundan í sömu línu komi nafn markeiganda, heimili, hreppsnúmer og bæjarnúmer. Kaupstaðir skulu merktir með fyrsta staf í nafni. **2. kafli:** Brennimörk eftir stafrófsröð, og nöfn markeigenda aftan við. **3. kafli:** Mannanafnaskrá eftir stafrófsröð með heimilisfangi, hreppsnúmeri og marknúmeri hvers eins markeiganda við nafn hans.

VIII. KAFLI

Um stóðhross.

29. gr.

Stóðhross öll ber að reka til afréttar, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Þó mega veturgömum trippi, sem ganga undir tömdum mæðrum sínum, vera í heima-
högum sumarlangt, svo og stóðhross öll önnur, séu þau geymd í traustum gripheld-
um girðingum. Eigendur og umráðamenn afrétta þeirra, þar sem stóðhross ganga, eru skyldir til að greiða allan kostnað við fyrirstöðu vegna hrossanna. En bóndi sá, er næstur býr afrétt, hefur bæði rétt og skyldu til þess að hafa fyrirstöðuna á hendi. Náist ekki samkomulag um fyrirstöðugjaldið sker sveitarstjórn úr.

30. gr.

Gangi hross úr afrétt í heimalönd, geta þeir, sem fyrir áganginum verða, tekið þau í vörslu. Jafnframt skulu þeir samdægurs tilkynna fjallskilastjóra og eiganda, sé

Þess kostur, um töku þeirra. Fjallskilastjóra ber skylda til, að sjá um að hrossin séu rekin á ný til afréttar og viðkomandi bónda greiddar hæfilegar bætur fyrir átroðninginn, að dómi sveitarstjórnar. Eigendur hrossanna skulu bótaskyldir fyrir öllum kostnaði sem af áganginum hlýst.

31. gr.

Á vetrum ber eigendum og umráðamönnum hrossa skylda til að sjá um, að þau gangi ekki á lönd annarra manna, og eru þeir ábyrgir fyrir tjóni og kostnaði, er af því kann að leiða, eftir mati tveggja manna, er hreppstjóri tilnefnir.

32. gr.

Gangi stóðhross af utansýsluafréttum á afréttir eða heimalönd sýslunnar, getur hreppsnefnd sú, sem blut á að máli, kært yfir því til oddvita sýslunefndar. Ber honum þá að leita samninga við nágrannasýsluna um að áganginum verði aflétt. Náist ekki samningur þar um, eða sé hann brotinn, má taka ágangshrossin í hald hvenær sem er, og fara með þau samkvæmt ákvæðum 56. gr. í fjallskilalögum.

33. gr.

Hreppsnefndum ber að láta smala öllum stóðhrossum af afréttum og heimalöndum til rétta fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Skulu þau dregin þar í sundur. Óskilahross, sem þá koma fyrir, skal fara með samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fjallskilalaga.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

34. gr.

Um fjármörk og merkingar á búfé fer eftir IX. kafla laga nr. 42 1969 um fjallskil.

35. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi sveitarstjórna út af fjallskilamálum Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja þess háttar mál fyrir sýslunefnd og úrskurð hennar.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 5 000.00 til kr. 50 000.00, og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

37. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu nr. 90 frá 12. júlí 1956 ásamt síðari breytingum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. október 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.